

EIGENDAFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, föstudaginn 6. nóvember kl. 14:00 var haldinn eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundurinn var boðaður þann 30. október 2020.

Þessi sátu fundinn: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri og Eiríkur Ólafsson í fjarveru Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, sveitarstjóra Borgarbyggðar. Einnig sátu fundinn Brynhildur Davíðsdóttir, formaður stjórnar OR, Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri Fjármála og Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri.

Elín Smáradóttir var fundarritari.

Þetta gerðist:

Formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur setti fund og var kjörin fundarstjóri. Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun. Að því loknu úrskurðaði fundarstjóri fundinn löglegan og stakk upp á að Elín Smáradóttir yrði fundarritari. Samþykkt.

1. Samþykkt fjárhagsspá 2021 og langtímaspá 2022-2026 lagðar fram til kynningar. Ingvar Stefánsson kynnti spárnar. Fjármögnun OR einnig kynnt.
Umræður.
2. Skýrsla stjórnar OR um framfylgd eigendastefnu lögð fram til kynningar. Guðrún Erla Jónsdóttir kynnti efni skýrslunnar.
Umræður.
3. Arðsemissstefna Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. samþykkt stjórnar OR 26. október 2020, lögð fram til staðfestingar. Ingvar Stefánsson kynnti stefnuna og arðgreiðsluskilyrðin sem í henni felast.
Umræður.
Stefnan samþykkt samhljóða.
4. Arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. samþykkt stjórnar OR 26. október 2020, lögð fram til staðfestingar. Ingvar Stefánsson kynnti stefnuna og arðgreiðsluskilyrðin sem í henni felast.
Umræður.
Stefnan samþykkt samhljóða.
5. Áhættustefna Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. samþykkt stjórnar, dags. 26. október 2020, lögð fram til staðfestingar.
Umræður.
Stefnan samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál.
 - Borgarstjóri vakti athygli á ívilnunum vegna grænna fjárfestinga, sem gætu nýst dótturfélögum Orkuveitu Reykjavíkur. Hann vakti einnig athygli á áætlun Reykjavíkurborgar, sem kallað er „Græna planið“. Hann hrósar Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélögum sérstaklega fyrir aðkomu þeirra að verkefninu og bendir á að samlegðaráhrif kunni að vera af samstarfi aðila á þeim vettvangi. Bæjarstjóri Akraness lýsir yfir stuðningi og áhuga á verkefninu. Eiríkur Ólafsson tekur undir þá stuðningsfirlýsingu.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 15:12.

Dagur B. Eggertsson

Eiríkur Ólafsson

Sævar Freyr Þráinsson

Undirritunarsíða

Sævar Freyr Þráinsson

Dagur B Eggertsson

Eiríkur Ólafsson